



VINNUBLAÐ 2: Andlit hversdagsins

Verkefni 3: Portrett

Nú eigið þið að búa til 3 portrett af hverju öðru. Þau geta verið öll af sömu manneskjunni eða af þremur ólíkum manneskjum. Takið nærmyndir, svo við sjáum andlit manneskjunnar í smáatriðum.

Reglurnar fyrir portrettinn ykkar eru:

Það eiga bæði að vera ljós og skuggar á andlitinu. Það er nefnilega eitt það mikilvægasta til að skapa tilfinningu og andrúmsloft í portrettmynd.

Þið megid ekki nota filtera en gjarnan breyta litum, ljósi og kontröstum.

Manneskjan á að opna munninn á mismunandi hátt á hverju portretti: í 'A'-formi, 'U'-formi og 'I'-formi.

Veltið fyrir ykkur hvernig þið getið dregið persónuleika manneskjunnar fram. Á hún að brosa eða vera alvarleg? Horfa inn í myndavélina eða eitthvert annað? Á manneskjan að vera í einhverjum ákveðnum fötum? Hvernig á manneskjan að standa?

Aftur í bekkinn:

Kynnið portrettinn ykkar fyrir hinum í bekknum. Þegar bekkjarfélagar eru búnir að sjá portrettin ykkar eiga þeir að svara þessum spurningum:

- Í hvernig skapi er manneskjan á portrettinu? Má greina einhverjar tilfinningar hjá henni?
- Hvað má segja um persónuleika manneskjunnar út frá portrettinu af henni?
- Finnst ykkur portrettið endurspegla persónuleika manneskjunnar í raun og veru?
- Hvaða hlutverki gegna skuggar og ljós í portrettinu?